

Ed.

785. Nefndarálit

[106. mál]

um frv. til l. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og fengið til viðræðna Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðing, Magnús R. Gíslason yfirtannlækni tannheilsudeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Guðjón Magnússon, settan landlækni. Umsagnir bárust frá Tannlæknafélagi Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Félagi aðstoðarfólks tannlækna og Guðjóni Magnússyni, settum landlækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að gerðar verði ráðstafanir af hálfu menntamálaráðuneytisins vegna menntunar aðstoðarfólks tannlækna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 18. apríl 1985.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Helgi Seljan,
fundaskr.

Salome Þorkeldsdóttir.

Björn Dagbjartsson.

Árni Johnsen.

Kolbrún Jónsdóttir.